

Aðalfundur hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis

Haldinn í matsal Glerárskóla þann 15.apríl 2015.

Mættir eru um 30 íbúar ásamt stjórninni sem skipa Berglind Rafnsdóttir, formaður, Helgi Stefánsson, Sigurður Magnússon og Sigrún Erla Briem. Fjarverandi er Guðmundur Geirsson.

Formaður byrjar fundinn kl.20:00, býður fundargesti velkomna og tilnefni Sigurður sem fundarstjóra og Berglindi sem ritara og samþykkja fundarmenn það.

Fundarstjóri fer yfir efni fundarins sem er skýrsla formanns, kosning nýrrar stjórnar, erindi um gönguleiðir í Krossanesborgum og fuglalífið þar sem Sverrir Thorstensen sér um og að lokum opin umræða um hverfið okkar og hvernig nefndin geti unnið fyrir hverfisbúa.

1. Skýrsla formanns.

Formaður tekur síðan til máls og byrjar á að kynna starfandi nefnd og fara yfir störf hennar í vetur ásamt því að nefna verkefni sem framundan eru. Síðasti aðalfundur var 30.apríl 2014 og hittist nefndin 13.maí en þá var 76.fundur hverfisnefndar haldinn. Á þessum fyrsta fundi tók Óskar Ingi við sem formaður en þá hafði Berglind verið formaður frá maí 2011 eða í 3.ár. Óskar óskaði síðan eftir því á fyrstu fundi í september að láta af formennskunni og tók Berglind aftur við henni.

Alls voru 9 fundir haldnir þetta starfsár og hafa verið send inn all mörg erindi inn til Akureyrarbæjar. 10 af þessum erindum voru vísað áfram til framkvæmdardeildar, 5 til skipulagsdeildar og 1 erindi til verkefnastjóra umhverfismála. Af 10 erindum sem framkvæmdardeildin fékk til sín höfum við fengið svar við 9 af þeim. Gott hjá þeim. Aðrar deildir hafa ekki svarað ennþá. Mun það verða verkefni næstu stjórnar að yfirfara þessi erindi og krefjast svara. Yfir sumartímamann var lítið um að vera en þó stór nefndin fyrir þikk nikk ferð í Kvenfélagsreiknum á Akureyrarvöku. Um 70 manns lögðu leið sína í garðinn og var mikið spjallað. Veðrið var fínt og hafði fókið gaman af.

Nefndin óskaði eftir gulum steinum á gangstíga, 30 km merki í skarðshliðarhringinn, óskað eftir bekkjum og grilli í Kvenfélagsreitinn og í Seljahlíðarvöllinn, mótmælt hröðum akstri strætisvagna við Höfðahlíðina svo eitthvað sé nefnt. Framkvæmdarráð Akureyrarbæjar ákvað að starfandi hverfisnefndir fengju 2 milljónir til ráðstöfunar í umhverfismál síns hverfis á árinu 2015 og ákvað nefndin að kaupa frisbee völl sem koma skal í kringum Glerárskóla. Rest af fénu verður nýtt í grill í garða hverfisins. Í lokin óskaði formaður eftir erindum frá íbúum hverfisins.

Skýrsla formanns var samþykkt með lófaklappi og nokkrar fyrirspurnir komu fram.

Næst tók við kosning stjórnar. Óskar Ingi óskaði eftir að hætta ásamt Guðmundi Geirssyni og Péttri Birgissyni. Við bætist í nefndina Páll H.Árdal.

2. Kaffiveitingar

10.bekkur Glerárskóla sá um kaffiborðið og var það veglegt og notaði hverfisnefndin tækifærið til að styrkja þau til skólaferðalags í vor með kaupum á því.

3. Krossanesborgir

Næst tók til máls Sverrir Thorstensen og sýndi hann okkur Krossanesborgirnar í myndum og kynnti fyrir okkur allt dýralíf sem þar er. Góður og fræðandi fyrirlestur.

4. Önnur mál

Fyrirspurnir frá íbúum um grænan reit við Einholt. Hver ætti að hugsa um gróðurinn þar og stíginn sem liggur að undirgöngunum að Einholti.

Gönguleið að virkjun líka komin á tíma að klippa gróður þar svo hægt sé að ganga óhultur þar um gilið.

Aðalfundi hverfisnefndar Holta- og hlíðahverfis var slitið um 21:40 með þökkum formanns fyrir komuna. Fundargestir voru hvattir til að sitja örlítið lengur og ræða málin og fá sér meira kaffi.

Ritað, Glerárskóli 15.apríl 2015.

Berglind Rafnsdóttir